

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 50. stjórnarfundur.

Árið 2004, 16.febrúar var haldinn fundur í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands í Hermes Reyðarfirði.
Hófst fundurinn kl 15.00

Dagskrá

1. **Erindi frá Sparisjóði Norðfjarðar um bílastæði.**
2. **Erindi frá Fosshóтели Reyðarfirði um lóðamál.**
3. **Málefni iðjuþjálfna.**
4. **Önnur mál**

Mætt eru: Jósef Friðriksson formaður stjórnar, Gunnlaugur Sverrisson, Jón Halldór Guðmundsson, Sverrir Gestsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.
Jósef setti fundinn og stýrði honum. Gengið var til dagskrár.

1. **Erindi frá Sparisjóði Norðfjarðar** þar sem sjóðurinn er að óska eftir samnýtingu lóða fyrirtækjanna vegna bílastæða og aðkomu að þeim. Stjórnin getur fallist á erindið með þeirri breytingu að Skólaskrifstofan fái 11 bílastæði til umráða og verði þá 11 stæði hvoru megin. Stjórnin felur forstöðumanni að vinna að áframhaldi málsins í samræmi við ofangreint.
2. **Málaleitan Hóteles 730 ehf.** (Fosshóteles) um lóðabreytingu vegna stækkunar á hótelinu tekin fyrir. Samþykkt að Hótel 730 ehf. (Fosshótel) fái 80 cm. af vestanverðri lóð skrifstofunnar samkvæmt erindinu, að því tilskildu að allur kostnaður vegna lóðabreytingarinnar verði greiddur af Hóтели 730 ehf. Forstöðumanni falið að ganga frá málinu.
3. **Málefni iðjuþjálfna.**
Frá og með 1. júlí 2001 hefur starf iðjuþjálfna verið kostað af Heilbrigðisstofnun Austurlands, Lífeyrissjóði Austurlands, Skólaskrifstofu Austurlands og Svæðisstjórn um málefni fatlaðra. Hefur iðjuþjálfinn verið formlega starfsmaður Heilbrigðisstofnunar en nýst öðrum einnig. Hefur þetta samstarf gengið vel og er áhugi samstarfsaðilanna mikill að reyna að halda áfram samstarfi um verkefnið. Hlutdeild Skólaskrifstofunnar í heildarkostnaði hefur verið 10%. Stjórnin samþykkir að taka áfram þátt í þessu verkefni ef ekki verða miklar breytingar á rekstri Skólaskrifstofunnar. Stjórnin felur forstöðumanni að vinna áfram að málinu.
4. **Önnur mál.**
 - ✚ Forstöðumaður vakti máls á skorti á þjónustu talmeinafræðings í fjórðungnum, sem þýðir að íbúar geta þurft að fara með börn sín og dvelja í 1-2 vikur í burtu til að leita þjónustu fyrir börn sín **til þjálfunar**. Stjórnin beinir því til sveitarfélaganna að þau hlutist til um að þessari þjónustu verði komið á fót í fjórðungnum með einhverjum hætti. (Sverrir Gestsson vék af fundi).
 - ✚ Forstöðumaður greindi frá umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla. Sótt var um styrki til 9 verkefna að upphæð kr. 2.629.000,-
 - ✚ Forstöðumaður greindi frá samstarfssamningi við Fjarðabyggð um þjónustu sálfræðings, samningurinn nemur 50% af stöðu sálfræðings. Hefur samstarfið gengið vel.
 - ✚ Forstöðumaður greindi frá störfum dansks sendikennara sem kominn er til starfa í skólum á Austurlandi.
 - ✚ Erindi varðandi Landskerfi bókasafn, en starfsemi þess er að hefjast í marsmánuði n.k. Stjórnin lýsir ánægju sinni með að færsla Fengs yfir í hið nýja kerfi skuli vera að takast.
 - ✚ Lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar verða haldnar á Fáskrúðsfirði og Vopnafirði í mars nk.
 - ✚ Meðal verkefna sem unnið er að af Skólaskrifstofunni er úttekt á skóla á svæðinu.

- ✚ Borist hafa tæpar 300 beiðnir um sérfræðiaðstoð frá upphafi skólaársins til Skólaskrifstofunnar.
- ✚ Forstöðumaður kynnti drög að fjárhagsstöðu skrifstofunnar miðað við nýliðið rekstrarár. Er rekstrarstaða skrifstofunnar í góðu samræmi við rekstraráætlun ársins. Eins og staðan er nú eru tæpar 1.500.000.- kr. í afgang en áætlunin gerði ráð fyrir 540.000.- kr. í afgang.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 17.15

Jón H. Guðmundsson (sign)

Jósef Friðriksson (sign)

Gunnlaugur Sverrisson (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)